

Alþingi

Erindi nr. B117/261

komudagur 7/12 1993

6. desember 1993



SAMBAND
ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Nefndadeild skrifstofu Alþingis,
b/t Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa,
Þórshamri, Templarasundi,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar í skattamálum,
251. mál, þingskj. 290.

Samband ísl. viðskiptabanka þakkar bréf 25. nóv. sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Bein áhrif fyrirhugaðra lagabreytinga á rekstur bankanna virðast aðallega koma fram á tvennan hátt.

Annars vegar verður á ný tekin upp sú meginregla að tekjuskattshlutfall sé það sama fyrir alla lögaðila. Frávik frá þessu mun þó gilda um sameignar- og samlagsfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila. Fyrirhuguð breyting þýðir meðal annars að tekjuskattshlutfall ríkisbanka og hlutafélagsbanka verður samræmt á ný. Samband ísl. viðskiptabanka er eindregið fylgjandi þessari breytingu.

Hins vegar á álagningarhlutfall tryggingagjalds að hækka um 0,35 prósentustig sem þýðir hækkun í bankarekstri úr 6% í 6,35%. Þetta mun þýða árlega skattahækkun á bankana um nálægt 15 millj. kr. Samband ísl. viðskiptabanka mótmælir þessari fyrirhuguðu skattahækkun enda samrýmist hún ekki þeirri nauðsynlegu stefnu að tryggja íslenskum bönkum sambærileg starfskjör og bankar njóta í nálægum löndum.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ríkisstjórnin hafi ákveðið að fresta framlagningu frumvarps um vaxtaskatt og fagnar Samband ísl. viðskiptabanka þeirri ákvörðun.

Virðingarfyllt,

SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Ólaf Þor Jónsson